

Jafnlaunastefna Landspítala

Starfsfólk Landspítala skal fá greidd jöfn laun og njóta sömu starfskjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Markmið Landspítala er að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsfólks til fulls án þess að kynbundinn mismunun eigi sér stað. Jafnlaunastefna felur í sér eftirfarandi skuldbindingar:

- Starfandi er nefnd sem hefur það verkefni að innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi spítalans, þ.m.t. eftirfylgni með viðeigandi aðgerðum og viðbrögð við athugasemdum og frávikum, auk þess að vinna að forvörnum.
- Jafnlaunagreining og rýni á jafnlaunakerfið eru gerð árlega, og markmið sett í kjölfarið.
- Framkvæmdastjórn tekur árlega til rýni og samþykkar viðeigandi aðgerðir og markmið til að ná fram umbótum í jafnlaunastjórnun Landspítala.
- Lögfræðileg ráðgjöf er aðgengileg stjórnendum Landspítala til að tryggja að lagalegum kröfum sé mætt.
- Jafnlaunamál eru hluti af heildarstefnu Landspítala og jafnlaunastefna er kynnt fyrir starfsfólki og gerð aðgengileg almenningi.

Framkvæmdastjóri mannaðsmála ber ábyrgð á að stefnu þessari sé fylgt eftir.